

samþykki sitt fyrir að rekstur sé hafinn á nýjan leik sbr. 7. gr. skal stjórn Atvinnuleysis-
tryggingasjóðs eða sá sem stjórnin hefur falið að annast greiðslu atvinnuleysisbóta til sjálf-
stætt starfandi, endurkrefja hlutaðeigandi um greiddar atvinnuleysisbætur í samræmi við
ákvæði 41. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Jafnframt skal svipta hlutaðeigandi bótarétti
í hámarkstíma skv. 41. gr. laganna. Sama gildir ef í ljós kemur að hlutaðeigandi hefur
haldið áfram sjálfstæðri starfsemi án tilskilinnar skattalegrar skráningar.

9. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal semja viðmiðunarreglur um framkvæmd 4.-7.
gr. sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 1. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr.
93/1993 öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 389, 24. september
1993.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Raufarhafnarhreppi 1994.

1. gr.

Hundaleyfisgjald, sbr. 2. gr. staflið b í samþykkt fyrir hundahald í Raufarhafnarhreppi,
skal vera kr. 2.900, á árinu 1994. Gjaldið greiðist fyrirfram eigi síðar en á gjalddaga 1.
júni 1994.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 2.900, í fyrsta skipti,
kr. 4.500, í annað skipti og kr. 6.800, í þriðja skipti.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. maí 1994.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.